



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Útgefandalýsing

Júlí 2010



EFNISYFIRLIT

1	Áhættuþættir	3
1.1	Útlánaáhætta.....	3
1.2	Áhætta vegna samningsskuldbindinga.....	3
1.3	Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta.....	4
1.4	Lausafjár- og fjármögnunaráhætta.....	4
1.5	Rekstraráhætta.....	4
1.6	Starfsmannaáhætta.....	4
1.7	Lagaleg áhætta	4
2	Ábyrgir aðilar	4
2.1	Yfirlýsing útgefanda og umsjónaraðila.....	4
2.2	Löggiltir endurskoðendur	5
3	Tilkynning til fjárfesta.....	5
4	Upplýsingar um útgefandann	5
4.1	Almennar upplýsingar	5
4.2	Saga Lánasjóðs sveitarfélaga.....	5
5	Yfirlit yfir starfsemi.....	7
6	Upplýsingar um þróun	7
7	Stjórn og framkvæmdarstjórn	7
8	Stærstu hluthafar.....	9
9	VALDAR Fjárhagsupplýsingar	9
9.1	Ársreikningur 2009	9
9.2	Þróun fjárhags og afkomu 2008-2009	10
10	Hlutfé	11
11	Mikilvægir samningar.....	11
12	Dóms- eða gerðardómsmál.....	12
13	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu	12
14	Skjöl til sýnis og skjöl felld inn með tilvísun	12



1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Útgefandalýsingin var unnin af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 og í henni vísar „lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Sem lánafyrirtæki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að greina alla helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi hans, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé framfylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Hann gerir tillögur til stjórnar um nánari reglur um hana, skilgreinir áhættuviðmið eftir því sem þörf krefur og hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt.

Þá ræður stjórnin innri endurskoðanda í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk hans er að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindu aðilunum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins en áhættuþættir eins og lausfjárahætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfsemi. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki en hún er þó til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

1.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur og ábyrgðum sem það veitir. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum.

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu kemur fram í bókfærðu verði útlánasafnsins í efnahagsreikningi. Farið er yfir lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrðaradilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar.

Útlánaáhætta sjóðsins takmarkast við íslensk sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa reynt traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Engin vanskil voru við útgáfu útgáfulýsingar þessarar og ekki hefur þurft að grípa til veðs í tekjum sveitarfélags sem tryggingu fyrir láni á árinu.

Sveitarfélögin eru nú 77 talsins en þeim hefur farið fækkandi á undanförunum árum og staða þeirra sem lántakendur gagnvart lánasjóðnum því styrkst. Nú eru 63 þeirra lántakendur hjá lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi.

Við seinustu endurskoðaðu reikningsskil lánasjóðsins, árslok 2009, var einn viðskiptamaður flokkaður sem viðskiptamaður með stóra áhættuskuldbindingu hjá lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar ef heildarskuldbindingar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru með um 55% af heildarútlánnum sjóðsins. Hámarksáhætta á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

1.2 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn er í eigu allra sveitarfélaganna, 77 talsins, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME, en þó ekki meira en 25% af eigin fé þeirra. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekið fyrir af stjórn. Mótaðilaáhætta kemur til vegna fjáreigna og afleiðusamninga.



1.3 Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta

Varðandi vaxtaáhætta er stefna sjóðsins að halda sem mestu jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

Stefna lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhætta er að samræmi sé milli eigna og skulda í erlendum myntum þannig að gjaldmiðlaáhætta skapist ekki. Misræmi eigna og skulda skal aldrei vera meira en 4% af eigin fé í hverri mynt fyrir sig og ekki meiri en 6% fyrir heildargjaldeyrisjöfnuð. Frávik frá stefnu skapaðist vegna yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á rekstri Glitnis banka hf í október 2008. Í framhaldi af því ríkti mikil óvissa um uppgjör afleiðusamninga sjóðsins við bankann sem hafði veruleg áhrif á gjaldeyrisvarnir sjóðsins. Vegna greiðslufalls Glitnis banka hf. myndaðist opin gjaldeyrisstaða hjá Lánasjóðnum að andvirði EUR 25 milljónir. Opin gjaldeyrisstaða 6. júlí 2010 er EUR 5 milljónir.

1.4 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á að lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika.

1.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhætta er stefna lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánsamninga. Þá hefur stefna lánasjóðsins verið að útvísta skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að minnka áhættu. Rekstur lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir mjög einsleitir. Samtals eru 63 sveitarfélög með lán frá lánasjóðnum og 31 fyrirtæki sveitarfélaga en lánsamningar eru um 670 talsins.

1.6 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárstýringar. Jafnframt hefur lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmiskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu lánasjóðsins og sambandsins.

1.7 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2006 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lánasjóðurinn hefur farið yfir dóm Hæstaréttar, sem kveðinn var upp þann 16. júní sl., þar sem íslensk gengistryggð lán voru dæmd ólögmæt. Í dóminum er sérstaklega tekið fram að erlendar lántökur og lánveitingar eru heimilaðar. Í ljósi þessarar niðurstöðu er það mat lánasjóðsins að ekkert bendi til þess að þau erlendu lán sem lánasjóðurinn hefur endurlánað til sveitarfélaga séu í andstöðu við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

2 ÁBYRGIR AÐILAR

2.1 Yfirlýsing útgefanda og umsjónaraðila

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfaflokks LSS150224 til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 6. júlí 2010
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri



2.2 Löggiltir endurskoðendur

Löggiltir endurskoðendur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árin 2008 og 2009 voru PricewaterhouseCoopers hf., til heimilis að Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík. Fyrir hönd PricewaterhouseCoopers hf. 2008 voru þær Sigrún Guðmundsdóttir og Helga Harðardóttir og 2009 voru þær Sigrún Guðmundsdóttir og Áslaug Rós Guðmundsdóttir, sem eru aðilar að Félagi löggiltra endurskoðenda.

Sigurður B. Arnórsson endurskoðandi lét af störfum hjá PricewaterhouseCoopers hf. á árinu 2008 og tók Helga Harðardóttir við hans hlutverki sem annar af endurskoðendum Lánasjóðs sveitarfélaga hf. 2008. Áslaug Rós Guðmundsdóttir tók við af Helgu Harðardóttur sem annar af endurskoðendum Lánasjóðs sveitarfélaga hf. 2009.

Endurskoðendur lánasjóðsins hafa endurskoðað og áritað ársreikninga félagsins fyrir árin 2008 og 2009 án athugasemda.

Það er stefna Lánasjóðsins að skipta um endurskoðendur á 4-5 ára fresti og með það að leiðarljósi hefur Lánasjóðurinn gert samning við KPMG hf. um endurskoðun ársins 2010. KPMG hf. er til heimilis að Borgartúni 27, 105 Reykjavík. Fyrir hönd KPMG hf. er Margrét G. Flóvenz, sem er aðili að Félagi löggiltra endurskoðenda.

3 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útboð og taka til viðskipta á skuldabréfum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

NASDAQ OMX Iceland hefur staðfest þessa útgefandalýsingu á grundvelli samnings við Fjármálaeftirlitið. Þessi útgefandalýsing er felld inn með tilvísun í grunnlýsingu dags. 6. júlí 2010 vegna skuldabréfaflokks LSS150224.

4 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

4.1 Almennar upplýsingar

Útgefandi heitir Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, til heimilis að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Ísland. Sími á skrifstofu félagsins er (+354) 515-4900, slóð heimasíðu félagsins er www.lanasjodur.is og almennt netfang er lanasjodur@lanasjodur.is. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var lánasjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í 3. gr. samþykktu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kemur fram að tilgangur félagsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé til verkefna, sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, á hagstæðum kjörum, svo og önnur fjármálaþjónusta við sveitarfélög og önnur starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við megintilgang félagsins. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart félaginu.

4.2 Saga Lánasjóðs sveitarfélaga

Hugmynd að stofnun lánasjóðs fyrir sveitarfélög kom fyrst fram 1951 á bæjarstjórafundi í Reykjavík, en þar var m.a. rætt um nauðsyn á útvegum hagkvæmra lána til meiriháttar framkvæmda sveitarfélaga.

Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 1955 vaknaði sú hugmynd að stofna sérstakan sveitarfélagabanka sem veitti sveitarfélögum og fyrirtækjum þeirra lán til meiriháttar framkvæmda.

Á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga 1962 var samþykkt tillaga um að kanna grundvöll fyrir starfsemi sveitarfélagabanka og hagkvæmni þess fyrir sveitarfélögin. Hlutverk bankans átti að vera að greiða fyrir fjármálaviðskiptum sveitarfélaga og sýslufélaga m.a. með því að:

- Veita rekstrarlán til stutts tíma
- Veita sveitarfélögum eða útvega hagkvæm lán til langs tíma til að leysa fjárfrek viðfangsefni.

Gert var ráð fyrir að bankinn yrði hlutafélag í eigu sveitarfélaga og gæti ávaxtað sjóði þeirra og jafnframt annast alla venjulega bankastarfsemi.

Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 1963 tilkynnti Gunnar Thoroddsen, þáverandi fjármálaráðherra, að hann hefði skipað nefnd til að gera tillögur um á hvern hátt rekstrar- og stofnlánaþörf sveitarfélaganna verði sem best leyst. Nefndin lauk störfum í lok nóvember 1964 með tillögu að frumvarpi til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.



Stofnun og hlutverk

Frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga var lagt fram á Alþingi vorið 1965 og síðan endurbætt frumvarp um sjóðinn vorið 1966. Þann 15. apríl 1966 samþykkti Alþingi lög um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 35/1966.

Samkvæmt lögnum er hlutverk sjóðsins að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, veita þeim aðstoð við öflun stofn- og rekstrarlána, annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör, veita skuldbreytingalán við ákveðnar aðstæður og stuðla að því að sveitarfélög verði traustir og skilvísir lántakendur.

Breytingar á lögum sjóðsins

Gerðar voru breytingar á lögum sjóðsins með lögum nr. 99/1974 þar sem framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var ákveðið 5% og framlag ríkissjóðs 2,5% af heildartekjum jöfnunarsjóðsins. Jafnframt voru skuldabréf, sem lánasjóðurinn tekur og veitir, undanþeginn stimpilgjöldum.

Með lögum nr. 49/1995 var tekið upp ákvæði í lögum sjóðsins um að stjórninni sé ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings.

Lánasjóðurinn er undanþeginn greiðslu á tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti með ákvæðum í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og ákvæði í lögum um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 um undanþágu lánasjóðsins frá greiðslu slíkra skatta.

Tekjur

Tekjur sjóðsins hafa verið af vöxtum og framlögum sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og framlagi ríkissjóðs. Veruleg breyting varð á framlögum til sjóðsins með lögum nr. 99/1974 þegar föstu árlegu 15 m.kr. framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ákveðnu árlegu framlagi ríkisins skv. fjárlögum var breytt í ákveðið hlutfall af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en þá hækkuðu framlög jöfnunarsjóðs og ríkissjóðs úr 23 m.kr. árið 1974 í 153 m.kr. árið 1975. Framlag jöfnunarsjóðs hefur alltaf verið í samræmi við lög en 1984 hætti ríkið að greiða sinn hlut. Nokkur áranna á undan hafði framlag ríkissjóðs einnig verið skert. Framlög sveitarfélaga í gegnum jöfnunarsjóðinn hafa verið lánasjóðnum mikilvæg og eiga stærstan þátt í styrkri eiginfjárstöðu hans. Vextir af eigin fé sjóðsins hafa jafnframt átt þátt í því að efla eiginfjárstöðuna.

Með lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 voru framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði felld niður og frá þeim tíma eru vaxtatekjur af útlánum og öðrum fjáreignum megintekjustofn lánasjóðsins.

Lántökur

Lántökur sjóðsins fyrstu árin voru hjá Framkvæmdasjóði Íslands eða allt til 1988, en frá árinu 1992 voru tekin lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Árið 1998 voru gefin út óskráð skuldabréf, en árið 2003 voru í fyrsta sinn gefin út skuldabréf sem skráð voru í kauphöll.

Lánveitingar

Lánveitingar sjóðsins fyrr á árum takmörkuðust við lán til vatnsveitu-, hitaveitu-, skóla- og gatnagerðarframkvæmda, en frá árinu 1990 hafa jafnframt verið veitt lán til sorpeyðingarstöðva og fráveituframkvæmda og ennfremur til skuldbreytinga.

Útborguð langtímalán árin 2003 til 2009 á verðlagi hvers árs í milljónum króna:

Ár	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Útlán	2.679	3.442	9.578	9.099	4.047	15.505	8.421

Vaxtakjör

Vextir sjóðsins á lánum sem fjármögnuð eru með eigin fé voru 5,95% frá 2007 en voru lækkaðir 1. apríl 2008 í 5,0% og aftur 1. október 2008 í 4,25%. Vextir sjóðsins af lánum sem fjármögnuð voru með skuldabréfaútgáfum á árinu 2008 og fram til útgáfu þessarar lýsingar, LSS 08 1 og LSS150224, hafa verið á bilinu 4,06%-6,50%. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi vegna kostnaðar við útgáfu og rekstrar sjóðsins, samanlagt 0,20% . Lántökugjöld eru engin.

Breytt starfsemi og ný lög

Á árinu 2004 vann stjórn lánasjóðsins að undirbúningi að breytingum á starfsemi lánasjóðsins. Markmið breytinganna var:

- Efling lánasjóðsins með það að markmiði að lækka fjármagnskostnað sveitarfélaga.
- Aðlögun á starfsemi hans að almennum rekstrarskilyrðum á fjármálamarkaði.
- Að æðsta vald í málefnum sjóðsins yrði fært í hendur sveitarfélaga.



Að frumkvæði stjórnarinnar, í samvinnu við félagsmálaráðherra, var unnið frumvarp til nýrra laga um lánasjóðinn sem varð að lögum í árslok 2004 og voru lög nr. 136/2004. Helstu nýmæli í lögnum var að:

1. Lánasjóðurinn er lánaþyrftæki samkvæmt lögum um fjármálaþyrftæki og starfar eftir þeim lögum undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, í ágúst 2005 fékk svo lánasjóðurinn starfsleyfi frá eftirlitinu. Lánsjóðurinn er í sameiginlegri eigu sveitarfélaga.
2. Afskiptum ríkisins af lánasjóðnum er lokið nema varðandi slit, sameiningu eða formbreytingu. Slíkar breytingar verða ekki gerðar nema með lögum.
3. Lánasjóðnum er heimilt að lána fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarir í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigenda auk lána til sveitarfélaganna sjálfra.
4. Framlög úr ríkissjóði til lánasjóðsins falla formlega niður, en þau hafa ekki verið greidd síðan árið 1983.
5. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til lánasjóðsins falla niður.
6. Æðsta vald í málefnum lánasjóðsins er í höndum fulltrúa þeirra sem sveitarfélögin kjósa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Samþykktir lánasjóðsins taka mið að samþykktum hlutafélaga eftir því sem tók eru á.
8. Stjórn lánasjóðsins setur útlánareglur þannig að þær verða ekki lengur ákveðnar með lögum.

Formbreyting í hlutafélag

Í desember 2006 voru síðan samþykkt á Alþingi ný lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánsjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007 og 14. september sama ár fékk hið nýja félag starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem lánaþyrftæki. Að fengnu starfsleyfi yfirtók félagið rekstur Lánsjóðs sveitarfélaga og lög nr. 136/2004 féllu úr gildi.

5 YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Lánsjóðurinn er lánaþyrftæki sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrftæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öflugan samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar.

Lánstraust lánsjóðsins er mjög gott vegna sterkrar fjárhagsstöðu hans og er lánsjóðurinn því í góðri aðstöðu til að útvega sveitarfélögnum hagstæð lán.

Lánsjóðurinn er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga sem eru 77 talsins. Heildarnafnverð hlutfjár er 5.000.000.000 kr.

6 UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

Með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á lánsfjármörkuðum bæði innanlands og utan sem skert hefur aðgang sveitarfélaganna að lánsfé er búist við að áfram verði eftirspurn eftir þjónustu lánsjóðsins.

Lánsjóðurinn hefur það sem af er árs 2010 haldið fimm útboð á skuldabréfaflokki LSS150224 og selt samtals 3.287.000.000 kr. að nafnvirði á innlendum markaði. Þetta er vel í takt við útgáfuáætlun lánsjóðsins fyrir allt árið 2010 sem hljóðar uppá 7-9 milljarða króna.

Engar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum lánsjóðsins hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils 31. desember 2009 fram til dagsetningar útgefandalýsingar þessarar. Endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2009 var birtur opinberlega 17. mars 2010.

7 STJÓRN OG FRAMKVÆMDARSTJÓRN

Stjórn Lánsjóðs sveitarfélaga ohf. er kjörin árlega á aðalfundi. Hún var síðast kjörin á aðalfundi sem haldinn var í Reykjavík 26. mars 2010:

Stjórn Lánsjóðs sveitarfélaga ohf. skal skipuð fimm mönnum og hefur stjórnin æðsta vald í málefnum lánsjóðsins milli hluthafafunda nema annað sé ákveðið í samþykktum hans. Stjórn lánsjóðsins hefur sett sér starfsreglur og voru þær samþykktar á stjórnarfundum þann 28. ágúst 2007. Stjórnin gerir samning við utanaðkomandi aðila um innri endurskoðun að fenginni undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu frá rekstri eigin endurskoðunardeildar sbr. 16. gr. laga um fjármálaþyrftæki. Innri endurskoðanda er rétt og skylt að sitja stjórnarfundum þegar ársreikningur er á dagskrá. Útgefandi hagar starfsemi sinni í



samræmi við reglur um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja sem gefnar voru út árið 2008 af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins Hafin er vinna við innleiðingu á endurskoðuðum reglum um starfshætti stjórnar sem gefnar voru út í júní 2009. Í ljósi þess að aðeins eru þrír starfsmenn í fullu starfi hjá útgefanda hefur hann gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga sem lætur honum í té almenna skrifstofu- og bókhaldsþjónustu.

Framkvæmdastjóri lánasjóðsins annast daglegan rekstur og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn lánasjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna lánasjóðsins sé með tryggilegum hætti. Viðskiptaheimilisfang stjórnar og framkvæmdastjórnar er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

AÐALMENN	Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður Sveitarstjóri í Sveitarfélaginu Skagaströnd, Kristinn Jónasson, varaformaður Sveitarstjóri í Snæfellsbæ Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, meðstjórnandi Borgarfulltrúi hjá Reykjavíkurborg Svanfríður Inga Jónasdóttir, meðstjórnandi Sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð Jónmundur Guðmarsson, meðstjórnandi fyrirverandi bæjarstjóri í Seltjarnarneskaupstað og núverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins
VARAMENN	Baldur Pálsson fyrirverandi bæjarfulltrúi á Fljótshéraði og núverandi slökkviliðsstjóri Brunavarna á Austurlandi Páley Borgþórsdóttir í bæjarstjórn í Vestmannaeyjabæ Páll Dagbjartsson í sveitarstjórn í Sveitarfélaginu Skagafirði Rún Halldórsdóttir fyrirverandi bæjarfulltrúi í Akraneskaupstað og núverandi læknir hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands Sigurður Ingi Jóhannsson fyrirverandi fulltrúi í hreppsnefnd í Hrunamannahreppi og núverandi Alþingismaður
FRAMKVÆMDASTJÓRI	Óttar Guðjónsson

Með vísan til laga um ársreikninga þar sem kveðið er á um að við einingu tengda almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd var skipað í slíka nefnd af stjórninni. Í lögnum kemur fram að stjórnin beri ábyrgð á skipun nefndarinnar og að hún skuli skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Þar kemur einnig fram að nefndarmenn skuli vera óháðir endurskoðanda og meirihluti nefndarmanna skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í lögnum er og kveðið á um að nefndarmenn skuli hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmanna skuli hafa staðgóða þekkingu á og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Meginþættir í verksviði endurskoðunarnefndar er að setja fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda lánasjóðsins og meta óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með störfum hans. Einnig hefur nefndin eftirlit með gerð reikningsskila og endurskoðun ársreikninga, ásamt fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.

ENDURSKOÐUNARNEFND	Jónmundur Guðmarsson, formaður Fyrirverandi Bæjarstjóri í Seltjarnarneskaupstað og núverandi Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins Anna Skúladóttir, meðstjórnandi Framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkuveitu Reykjavíkur Magnús Karel Hannesson, meðstjórnandi Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs hjá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga
---------------------------	--

Engir hagsmunarárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.



8 STÆRSTU HLUTHAFAR

Nafnverð hlutafjár félagsins er 5.000.000.000 ISK og er Reykjavíkurborg stærsti hluthafinn með 17,47% hlut og er Reykjavíkurborg eini hluthafinn með virkan eignarhlut samkvæmt 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Tíu stærstu hluthafar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. eru:

REYKJAVÍKURBORG	17,47%
VESTMANNEYJABÆR	5,81%
KÓPAVOGSBÆR	5,52%
AKUREYRARKAUPSTAÐUR	5,46%
HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR	4,25%
ÍSAFJARÐARBÆR	4,15%
SVEITAFÉLAGIÐ ÁRBORG	3,05%
GARÐABÆR	3,04%
REYKJANESBÆR	3,03%
FJARÐABYGGÐ	3,00%

Útgefandi er ekki beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum annars aðila.

9 VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

9.1 Ársreikningur 2009

Lánveitingar og lántökur

Útborguð langtímalán 2009 námu 8.421 m.kr. miðað við 15.505 m.kr. árið áður. Lántökur á árinu voru samtals 8.880 m.kr. og voru eingöngu í íslenskum krónum. Engin vanskil voru hjá sjóðnum í árslok. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita sjóðnum. Ekki þurfti að ganga að veði í tekjum sveitarfélags á árinu.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir en voru 4,25% allt árið 2009. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir rekstrarkostnaði. Lánasjóðurinn hefur í gegnum tíðina ekki verið með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum. Við hrun bankanna lokuðust gjaldeyrisvarnir sem sjóðurinn var með og var því óvarin gjaldeyrisstaða í árslok 2.648 m.kr.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður ársins nam 1.656 m.kr. á móti 1.225 m.kr. árið áður. Stýrivextir Seðlabanka voru háir allt árið og var ávöxtun af veltufjáreignum sjóðsins því með ágætum.

Skuldabréf útgefið af SPRON var fært að fullu niður í bókum sjóðsins á árinu eða sem nam 112,9 milljónum króna. Kröfu að fjárhæð 144,0 milljónum var lýst í þrotabú SPRON þann 21. janúar 2010. Samkvæmt kröfuhafalista SPRON sem dagsettur var 10. mars 2010 var samþykkt fjárhæð kröfu 134,7 milljónir króna.

Niðurstaða efnahagsreiknings í árslok 2009 nam 70.524 m.kr. á móti 63.956 m.kr. árið áður þar sem mestu munaði um 4.698 m.kr. hækkun á útlánnum og kröfum á árinu sem aðallega var tilkomin vegna verðbóta ársins. Eigið fé nam 12.930 m.kr. á móti 11.273 m.kr. árið áður og hækkaði um 14,7% á árinu. Í árslok 2009 var innstæða lánasjóðsins í Seðlabanka Íslands 5.358 m.kr.

Vegið eiginfjárlutfall (CAD) samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja var 67% í árslok 2009.



9.2 Þróun fjárhags og afkomu 2008-2009

Hér á eftir er sýndur rekstrarreikningur fyrir rekstrarárið 2009 ásamt samanburði við árið 2008, efnahagsreikningur 31. desember 2009 með samburði við 31. desember 2008 og samanburður á sjóðstreymi 2008 og 2009.

Samandreginn rekstrarreikningur árið 2009 með samanburði við árið 2008

	2009	2008
Vaxtatekjur og verðbætur	6.687.510.948	7.482.949.301
Vaxtagjöld og verðbætur	(4.861.170.954)	(4.762.000.803)
Hreinar vaxtatekjur	1.826.339.994	2.720.948.498
Tekjur (gjöld) veltufjáreigna	75.977.451	(632.718.324)
Tekjur af fjáreignum á gangvirði	(67.624.095)	122.435.817
Hreinn gjaldeyrismunur	(46.182.181)	(879.590.590)
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	(37.828.825)	(1.389.873.097)
Hreinar rekstrartekjur	1.788.511.169	1.331.075.401
Laun og launatengd gjöld	43.866.892	41.358.423
Annar rekstrarkostnaður	87.240.884	63.147.391
Afskriftir	1.195.628	1.195.628
Almennur rekstrarkostnaður	132.303.404	105.701.442
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.656.207.765	1.225.373.959

Samandreginn efnahagsreikningur 31. desember 2009 með samanburði við árið 2008

Eignir	2009	2008
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	5.358.120.732	3.007.397.320
Kröfur á lánastofnanir	40.510.645	415.202.043
Útlán og kröfur	65.056.035.777	60.358.029.310
Veltufjáreign - afleiður	13.325.970	0
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	1.443.357	121.436.221
Rekstrarfjármunir	52.607.607	53.803.235
Aðrar eignir	2.077.771	519.072
Eignir samtals	70.524.121.859	63.956.387.201
Skuldir		
Verðbréfaútgáfa	34.794.336.531	26.309.358.267
Aðrar lántökur	21.983.633.294	24.716.330.480
Veltufjárskuld - afleiður	13.325.970	57.179.895
Skuld við sveitarfélög	750.000.000	1.500.000.000
Aðrar skuldir	4.576.997	46.743.648
Lífeyrisskuldbinding	48.656.022	53.389.631
Skuldir samtals	57.594.528.814	52.683.001.921
Eigið fé		
Hlutafé	5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður	1.250.000.000	1.250.000.000
Óráðstafað eigið fé	6.679.593.045	5.023.385.280
Eigið fé samtals	12.929.593.045	11.273.385.280
Skuldir og eigið fé samtals	70.524.121.859	63.956.387.201



Sjóðstreymi áráanna 2008 og 2009

	2009	2008
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	1.656.207.765	1.225.373.959
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	1.195.628	1.195.628
Afskriftir gangvirðiseigna	112.895.696	0
Verðbætur og gjaldeyrismunur	(562.091.913)	(795.775.702)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(4.733.609)	6.849.216
Söluhagnaður, gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	(75.977.451)	591.268.586
Aðrar eignir, (hækkun) lækkun	(1.558.699)	4.621.833
Aðrar skuldir, (lækkun) hækkun	(717.268)	41.114.211
Handbært fé frá rekstri	1.125.220.149	1.074.647.731
Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir, breyting	243.041.442	271.249.832
Veitt útlán	(10.729.714.426)	(21.913.064.663)
Innheimt útlán	10.472.192.845	14.558.445.841
Fjáreignir á gangvirði, breyting	3.672.193	1.092.403.240
	(10.807.946)	(5.990.965.750)
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka	8.191.683.755	16.783.519.945
Afborganir lána	(6.314.370.675)	(7.450.859.403)
Afleiðusamningar, breyting	(22.651.827)	(564.316.854)
Greiðsla til sveitarfélaga	(750.000.000)	(750.000.000)
	1.104.661.253	8.018.343.688
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.219.073.456	3.102.025.669
Handbært fé í ársbyrjun	3.179.557.921	77.532.252
Handbært fé í lok árs	5.398.631.377	3.179.557.921

Ofangreindar upplýsingar eru teknar úr endurskoðuðum ársreikningi lánasjóðsins fyrir árið 2009. Ársreikningar eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Allar fjárhagsupplýsingar þessarar útgefandalýsingar eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningum lánasjóðsins. Endurskoðendur sjóðsins hafa ekki endurskoðað aðrar upplýsingar sem finna má í þessari útgefandalýsingu. Síðustu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingar eru frá 31. desember 2009 sem er innan 18 mánaða frá útgáfudegi þessarar útgefandalýsingar.

10 HLUTAFÉ

Við útgáfu útgefandalýsingar þessarar nemur heildarhlutafé lánasjóðsins 5 milljörðum króna sem hefur verið greitt að fullu. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Hlutir í félaginu geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra og skal það koma skýrt fram á öllum útgefnum hlutabréfum. Einungis er einn flokkur hlutafjár útgefinn af lánasjóðnum. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluti í félaginu má ekki veðsetja eða gefa. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fólum hlutum og gildir sá réttur hvort sem eigendaskipti verða við sölu eða aðför. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

11 MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Útgefandi hefur ekki gert neina mikilvæga samninga utan hefðbundinnar starfsemi lánasjóðsins sem skipta máli fyrir möguleika sjóðsins á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem verið er að gefa út.



12 DÓMS- EÐA GERÐARDÓMSMÁL

Ekki er lánasjóðinum kunnugt um nein stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmál á síðustu tólf mánuðum sem eru til meðferðar eða yfirvofandi sem kunna að hafa eða hafa að undanförmu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi sjóðsins. Lánasjóðurinn hefur farið yfir dóm Hæstaréttar, sem kveðinn var upp þann 16. júní sl., þar sem íslensk gengistryggð lán voru dæmd ólögmat. Í dóminum er sérstaklega tekið fram að erlendar lántökur og lánveitingar eru heimilaðar. Í ljósi þessarar niðurstöðu er það mat lánasjóðsins að ekkert bendi til þess að þau erlendu lán sem lánasjóðurinn hefur endurlánað til sveitarfélaga séu í andstöðu við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

13 MIKILVÆGAR BREYTINGAR Á FJÁRHAGSSTÖÐU

Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu lánasjóðsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils 31. desember 2009 fram til dagsetningar útgefandalýsingar þessarar. Endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2009 var birtur opinberlega 17. mars 2010.

14 SKJÖL TIL SÝNIS OG SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN

Ársreikningar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir fjárhagsárin 2008 og 2009 ásamt skýrslum endurskoðanda eru hér með felldir inn í útgefandalýsingu þessa með tilvísun. Ársreikningana og skýrslur endurskoðanda má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á heimasíðu hans: www.lanasjodur.is, á meðan útgefandalýsing þessi er í gildi.

Samþykktir Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á heimasíðu hans: www.lanasjodur.is, á meðan útgefandalýsing þessi er í gildi.